

Fundargerð 41. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 2. febrúar 2018, kl. 9:00 í fundarsal SSS, Skógarbraut 945, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mætt eru: Kjartan Már Kjartansson, Fannar Jónasson, Berglind Kristinsdóttir, Guðjón Þ. Kristjánsson, Hanna María Kristjánsdóttir, Kristín Vala Matthíasdóttir og Sigrún Elefsen

Forföll boðuðu: Magnús Stefánsson, Ásgeir Eiríksson og Atli Sigurður Kristjánsson

Starfsmenn: Eggert Sólberg Jónsson (verkefnastjóri), Þuríður H. Aradóttir og Gunnar H. Garðarsson

1. Framkvæmdir við áningarstaði

Verkefnastjóri fór yfir fyrirhugaða skipulagsvinnu og framkvæmdir. Vinna er hafin við hönnun stígs upp að Reykjanesvita sem og deiliskipulagsvinna á Garðskaga.

2. Viðræður við Hafnarfjarðarbæ

Kjartan Már sagði frá áhuga forsvarsmanna Hafnarfjarðarbæjar á frekari aðkomu að Reykjanes Geopark. Samþykkt að formaður og verkefnastjóri hefji undirbúning að viðræðum við Hafnarfjarðarbæ um aðild að Reykjanes Geopark.

3. Tilnefningar til viðurkenninga ferðapjónustunnar á Reykjanesi

Lagðar fram tilnefningar til nýsköpunar- og hvatningarverðlauna annars vegar og þakkarverðlauna ferðapjónustunnar á Reykjanesi 2018 hins vegar. Samþykkt að veita Duus Safnahúsum nýsköpunar- og hvatningarviðurkenninguna og að Hótel Keflavík hljóti þakkarviðurkenninguna. Kjartan Már og Sigrún viku af fundi á meðan rætt var um tilnefningar til nýsköpunar- og hvatningarviðurkenningarinnar.

4. Bifreiðatalningar á Reykjanesi 2017

Lögð fram gögn vegna bifreiðatalninga við sjö áningarstaði í Reykjanes Geopark á árinu 2017. Áætlað er að um 300.000 gestir hafi komið að Garðskaga á síðasta ári. Að Brú milli heimsálfa komu rúmlega 175.000 gestir og tæplega 130.000 gestir að Reykjanesvita/Gunnuhver að suðvestanverðu. Áætla má að um 100.000 gestir hafi komið að Gunnuhver (að norðaustanverðu) og um 65.000 að Brimkatli eftir að aðstaðan var tekin í notkun um mánaðamótin maí/júní.

5. Sameining Sveitarfélagsins Garðs og Sandgerðisbæjar

Lagt fram erindi frá undirbúningsstjórn sem hefur það verkefni að undirbúa sameiningu Sveitarfélagsins Garðs og Sandgerðisbæjar. Undirbúningsstjórnin fer fram á að rætt verði til hvaða ráðstafana þurfi að grípa í ljósi þeirra breytinga sem sameingin sveitarfélagsins hefur í för með sér fyrir Reykjanes Geopark. Farið er fram á að undirbúningsstjórninni verði kynntar tillögur til breytinga sem nauðsynlegar eru og eftir atvikum önnur atriði sem taka þarf afstöðu til.

Stjórn Reykjanes Geopark leggur til að samþykktir að endurskoða samþykktir félagsins á aðalfundi í september 2018.

6. Drög að matsáætlun Suðurnesjalínu 2

Drög að matsáætlun Suðurnesjalínu 2 lögð fram.

7. Styrkir úr Styrkir úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja

Reykjanes Geopark fékk úthlutað styrk að upphæð 3.000.000 kr. til að vinna að verkefninu „Nýr talsmaður“. er að koma upplýsingum og fróðleik á framfæri við yngstu kynslóðina. Talsmaðurinn mun auðvelda öll samskipti við börn og auka þannig staðarvitund þeirra og þekkingu á umhverfismálum.

Reykjanes Geopark er einnig samstarfsaðili í verkefninu „Samfélagsvísindi á Suðurnesjum“ sem Þekkingarsetur Suðurnesja leiðir. Verkefnið gengur út á að innleiða samfélagsvísindi á Suðurnesjum og þróa afmörkuð verkefni ætluð almenningi, sem hluta af raunverulegum vísindarannsóknum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:55.

Fundargerð ritaði: ESJ